

Greinargerð um starfsemi Vatnamælinga
Orkustofnunar á vatnasviði
Fljótsdalsvirkjunar árið 1985.

Árni Snorrason

Greinargerð um starfsemi Vatnamælinga Orkustofnunar
á vatnasviði Fljótsdalsvirkjunar árið 1985. Október 1985.

YFIRLIT

Á árinu 1985 var starfsemi Vatnamælinga Orkustofnunar á vatnasviði Fljótsdalsvirkjunar aukin nokkuð frá undangengnum árum. Eins og kunnugt er, þá hefur einn starfsmaður Orkustofnunar, Gunnsteinn Stefánsson, haft aðsetur á Egilsstöðum. Hans starf hefur falist í eftirliti með síritum á öllu Austurlandi, ásamt rennslismælingum. Til viðbótar þessu starfi hafa verið farnar ferðir frá Reykjavík, ýmist til rennslismælinga eða til verklegra framkvæmda.

Á þessu ári hefur starfsemi Vatnamælinga á vatnasvið Fljótsdalsvirkjunar aðallega beinst að þremur þáttum. Í fyrsta lagi beindist starfið að vetrarmælingum á rennsli, í öðru lagi að almennum rennslismælingum og í þriðja lagi að uppsetningu varalegrar síritandi mælistöðvar í Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakka.

Vetrarmælingar á rennsli eru nauðsynlegar, því vatnshæð truflast langtímum saman af ísí. Síðastliðinn vetur var lögð aukin áhersla á slíkar vetrarmælingar við þá láglandis sírita er tengjast mælingum á vatnasviði Fljótsdalsvirkjunar, en þeir eru eftirfarandi:

Bessastaðaá, Fljótsdalur; Hylvað,	vhm034
Jökulsá í Fljótsdal; Hóll,	vhm109
Kelduá, Fljótsdal; Kiðafellstunga,	vhm205
Fellsá, Fljótsdal; Sturluflöt,	vhm206
Hrafnkela, Hrafnkelsdal; Vaðbrekka,	vhm146

Mælingar voru gerðar í febrúar, mars og apríl. Þessu til viðbótar var gerð rennslismæling við Eyjabakkafoss í aprílmánuði.

Almennar rennslismælingar á vatnasviði Fljótsdalsvirkjunar voru gerðar í júnímánuði, og svo af og til allt sumarið, fram á haust.

Lykilmælingar voru gerðar við alla sírita á vatnasviðinu. Þeir eru, til viðbótar við þá er áður eru nefndir:

Laugará, Snæfell; Laugarfell,	vhm165
Laugará, Snæfell; Laugarfell,	mælistífla
Hölkna, vestan Þrælaháls,	vhm215
Jökulsá í Fljótsdal; Eyjabakkavað, Bráðab.	vhm221
Jökulsá í Fljótsdal; Eyjabakkafoss,	nýr

Úrvinnslu þeirra er ekki lokið, en á grundvelli þeirrar verður hægt að endurskoða lykla og kveða á um frekari mælingar á svæðinu.

Eins og kunnugt er, þá hefur verið starfræktur sumarsíriti við Eyjabakkavað. Hann hefur gefið mikilsverðar upplýsingar, en brýnt þótti að byggja og starfrækja vatnshæðarmæli er væri í rekstri allt árið. Í september var farið inná Eyjabökkum til þess að athuga stað fyrir varanlega vatnshæðarmæli í Jökulsána. Þetta svæði hafði einnig verið skoðað síðastliðinn vetur, þ.e. í des. 1984 og í apríl 1985. Ljóst er að þar truflast áin bæði af ísi og snjó. Það er þó líklegt að vorflóðin náist að einhverju eða mestu leyti, en það hefur ekki tekist með þeim bráðabirgðasírita sem er við Eyjabakkavað. Eitt svæði í ánni, ofan Eyjabakkafoss, var talið áberandi líklegast til árangurs, en það kallaði á nokkur hundruð metra vegagerð frá Eyjabakkaveginum niður að ánni. Síritanum var komið fyrir í um 60m fjarlægð frá ánni, u.þ.b. 100m ofan við Eyjabakkafoss. Síritinn var loftbólumælir af A. Ott gerð. Allt hægt er um vik að mæla vetrarrennsli neðan við Eyjabakkafoss, þegar síritinn er truflaður.

Ætlunin er að stunda vetrarmælingar í byggð á svipaðan hátt og á síðasta vetri. Einnig er ætlunin að mæla rennslið um Eyjabakkafoss, í.þ.m. tvisvar á komandi vetri. Vonandi verður einnig mögulegt að gera frekari vetrarmælingar á hálendinu, en brýnt er að gera samanburðarmælingar á rennsli á væntanlegum veitustöðum.